

Lög Vatns- og fráveitufélags Íslands, samþykkt á stofnfundi þess 17. apríl 2009.

Frumvarp

1.grein. Heiti félagssvæði og lögheimili

Félagið heitir Vatns- og fráveitufélag, Íslands, og nær félagssvæði þess yfir allt Ísland. Tímabundið lögheimili þess er það sama og vinnustaður formanns þess.

2.grein. Aðild

Félagar geta þeir orðið sem hafa áhuga á vatns- og fráveitumálum, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

3.grein. Hlutverk félagsins.

- a. Að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum.
- b. Að koma á bestu fánægri tækni við rekstur vatnsveitna og fráveitna.
- c. Að stuðla að gerð ásættanlegs hönnunargrundvallar fyrir fráveitur og vatnsveitur og almennt að fullkomna aðferðir við hönnun þessara mannvirkja.
- d. Að auka þekkingu félagsmanna á vatns- og fráveitumálum með markvissum samskiptum, reglulegum fræðslufundum og skoðunarferðum.
- e. Að miðla þekkingu um vatns- og fráveitumál til almennings.
- f. Að vera stjórnvöldum innan handar um setningu laga og reglugerða og samningu staðla er varða vatns- og fráveitukerfi.

4.grein. Stjórn félagsins og skoðunarmaður.

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum sem eru kosnir á aðalfundi þess. Formaðurinn skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn, en kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Kjósa skal einn skoðunarmann úr hópi félagsmanna á árlegum aðalfundi.

5.grein. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda eigi síðar en í maílok ár hvert og skulu allir félagar boðaðir bréflega eða með tölvupósti með a.m.k. eins viku fyrirvara.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar eru:

- a. Skýrsla formanns
- b. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
- c. Kosning stjórnar.
- d. Kosning skoðunarmanna til eins árs í senn.
- e. Ákvörðun á félagsgjöldum.
- f. Önnur mál.

Lagabreytingar geta verið á dagskrá aðalfundar og í þeim tilvikum skulu tillögur um þær fylgja fundarboði.

Reikningsár félagsins er starfsár þess, sem afmarkast af aðalfundum.

Aðalfundur telst löglegur óháð fundarsókn, ef boðað hefur verið til hans löglega.

6.grein. Almennir félagsfundir

Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar 20% félagsmanna óska þess.

7.grein. Atkvæðagreiðsla og tillögur um lagabreytingar.

Á fundum félagsins ræður meirihluti atkvæða úrslitum í einstökum málum. Lögum þess er þó aðeins hægt að breyta á aðalfundi og þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða fundarmanna til að lagabreyting nái fram að ganga.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórninni a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund.

8.grein. Fulltrúi félagsins út á við.

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í tilteknum málum.

9.grein. Fundargerðarbók og félagatal

Ritari stjórnar félagsins skal rita fundargerðir stjórnar- og félagsfunda og e.t.v. fræðslufunda og færa þær inn í fundargerðarbók félagsins. Hann skal einnig halda félagatal.

10.grein Fjármál félagsins.

Gjaldkeri stjórnar félagsins sér um innheimtu félagsgjalda, greiðslu kostnaðar og færslu bókhalds. Hann gerir grein fyrir reikningum félagsins á aðalfundi.

11.grein. Slit

Tillögur um slit félagsins skal leggja fyrir aðalfund. Tillagan skal berast a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund. Tillagan telst samþykkt ef 50% félagsmanna sækir fundinn og $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra greiða tillögunni atkvæði sitt.

Samþykki aðalfundur tillögur um slit félagsins skal sami fundur ákveða hvernig eignum félagsins verður ráðstafað.